

ÁRSSKÝRSLA 2010



NORÐUROKKA
VATNSVEITA - RAFVEITA - HITAVEITA



EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	2
STJÓRN OG SKIPURIT	3
REKSTUR 2010 - YFIRLIT FORSTJÓRA	4
LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA	10
LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA	13
LYKILSTÆRÐIR - VATNSVEITA	16
FRÉTTIR AF FALLORKU	19
ÁRSREIKNINGUR 2010	21

ÚTLITSHÖNNUN: GEIMSTOFAN
FORSÍÐUMYND: HÖRÐUR FINNBOGASON
LJÓSMYNDIR: FINNBOGI MARINÓSSON,
BALDUR DÝRFJÖRÐ

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Með sanni má segja að mikil verðmæti séu fólgin í orkuauðlindum landsins. Vísendingar eru um að þessi verðmæti muni margfaldast í framtíðinni með hækkandi orkuverði og áherslu á aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Það sem skilur Ísland frá öðrum löndum í orkumálum er að nánast öll sú orka sem framleidd er hér á landi er vistvæn, þ.e.a.s. framleidd með vatnsaflri eða jarðhita. Slík orka er eftirsótt víðast hvar og eru ýmsir tilbúnir til að greiða fyrir hana hærra verð en fyrir orku sem framleidd er með bruna olíu, gass eða kola. Fullvíst má telja að orkuverð í heiminum fari hækkandi á næstu árum, en það mun leiða til þess að verð á raforku hérlendis fer hækkandi. Því er ljóst að framtíð Norðurorku og dótturfyrirtækisins Fallorku er björt og slíkt hið sama má í raun segja um önnur orkufyrirtæki landsins.

Nú styttest í að orkustefna fyrir Ísland, sem unnið hefur verið að undanfarið af starfshópi sem iðnaðarráðherra skipaði, verði formlega samþykkt. Í drögum að orkustefnunni kemur fram að leiðarljós hennar er að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta. Höfuðáhersla er lögð á sjálfbærni í þeim skilningi að leitast verði við að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í drögum kemur fram að árið

2030 gætu verið framleiddar 35.000 gígavattstundir af raforku hérlendis og að verð þróist fram til þess tíma á þann hátt að það verði orðið sambærilegt við markaði í Norður-Evrópu. Miðað við þessar forsendur gæti árleg framlegð af raforkuvinnslu á Íslandi orðið hátt í 200 milljarðar króna. Af þessum tölum að dæma eru hagsmunir Íslands gríðarlegir í þessum efnunum fyrir fjárhag landsins um ókomna tíð. Það hvílir því mikil ábyrgð á stjórnvöldum við ákvarðanatöku sem snýr að eignarhaldi og ráðstöfun orkufyrirtækja og orkuauðlinda. En þótt útlit sé fyrir hækkandi raforkuverð eignum við ekki að þurfa að láta verð á heitu vatni til húshitunar fylgja þessari þróun. Þvert á móti eru líkur á að kyndikostnaður fari lækkandi á næstu árum og undir öllum kringumstæðum ætti það að geta gerst á veitusvæði Norðurorku hf. Staða fyrirtækisins er ágæt eins og ársreikningur ber með sér og þrýðilegur árangur hefur náðst í rekstri með sparnaði og ýmsum aðgerðum eftir miklar þrengingar árið 2008.

Líklegt má telja að verði orkuverð of lágt þá leiði það til sóunar. Heitavatnssuppsprettur Norðurorku hf. sem nú eru virkjaðar eru ekki óþrjótandi. Aukin sala á heitu vatni kemur fyrr eða síðar til með að kalla á dýrar aðgerðir vegna vatnsöflunar. Þó ekki væri nema þess vegna, ber að stuðla að því að jarðhitaorkan sé nýtt skynsamlega og að henni sé ekki sóað.

Hitunarkostnaður húsa á Akureyri og annars staðar á veitusvæðum Norðurorku hf. er aðeins brot af því sem gerist á Norðurlöndunum og raunar víðast hvar í heiminum. Hér munar verulegum fjárhæðum. Þannig er tæplega sex sinnum dýrara að kynda hús í Kaupmannahöfn en á Akureyri miðað við sömu orkunotkun. Ef flytja þyrfti inn eldsneyti til að hita hús á hitaveitusvæði Norðurorku hf. yrði húshitun á svæðinu 3,6 til 4 milljörðum króna dýrari en nú er.

Raforkuverð er að hluta háð framboði og eftirspurn þó svo að samkeppnin á þessu sviði sé ekki mikil, enda markaðurinn lítill og fáir framleiðendur og raforkusalarnir. Það raforkuverð sem viðskiptavinir Norðurorku hf. sjá á reikningum frá fyrirtækinu fer til þriggja aðila: Norðurorku hf. fyrir raforkudreifingu, Landsnets hf. fyrir raforkuflutning og til raforkusalans. Norðurorka hf. hefur því lítið um verð á raforku að segja, því verð fyrir raforkudreifingu er háð samþykki

Orkustofnunar. Ekkert svigrúm er til að hafa verðið lægra en heimild Orkustofnunar kveður á um nema að eiga á hættu að dreifikerfið gangi úr sér sem eykur til muna hættu á lengra eða skemmra straumleysi hjá viðskiptavinunum. Um raforkuverðið má segja það sama og um húshitunarkostnaðinn, að það er með því ódýrara sem þekkest. Þannig er hver kílóvattstund tvisvar sinnum dýrari í Stokkhólmi en á Akureyri svo dæmi sé tekið.

Í áðurnefndum drögum að orkustefnu fyrir Ísland er lögð áhersla á vistvæna orku, sjálfbærni, góða nýtingu orkunnar og góða umgengni um náttúruna. Allt þetta uppfyllir Norðurorka hf. og raunar önnur orkufyrirtæki hérlendis. Í drögum er að sjálfsögðu rætt um aðra orkunotkun svo sem eldsneyti á bíla, skip og flugvélar og hvatt til þess að innlendir orkugjafar leysi innflutta orkugjafa af hólmi í sem ríkustu mæli. Norðurorka hf. leggur sitt af mörkum til að styðja við þessa þróun. Þátttaka fyrirtækisins í Orkey ehf. sem hafið hefur framleiðslu lífdísils er dæmi um það. Einnig hyggur Norðurorka hf. á rannsóknir á hauggasi á sorphaugunum á Glerárdal með það fyrir augum að kanna hvort nægilegt gasmagn sé fyrir hendi til að framleiða megi metangas til iðnaðarnota og þá jafnframt sem eldsneyti á bíla. Raforka verður væntanlega innan tíðar raunhæfur kostur til að knýja minni bifreiðar og mun fyrirtækið fylgjast grannt með þróuninni á því sviði. Norðurorka hf. á að og mun kappkosta að fylgjast með þróun orkumála svo sem tími og aðstæður leyfa, en hefur þó ekki bolmagn til að standa fyrir kostnaðarsömum tilraunum á því sviði nema í samvinnu við aðra. Fallorka ehf. mun á sama hátt fylgjast með nýjungum og tilraunum á sviði vistvænnar raforkuframleiðslu svo sem vind- og sjávarfallaorku.

Þann 1. október sl. tók ný stjórn Norðurorku hf. til starfa og vil ég nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn fyrir þeirra góða starf. Þá þakka ég öllu starfsfólki fyrirtækisins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu ári. Einnig færi ég viðskiptavinum, hluthöfum og samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu. Loks þakka ég forstjóranum Franz Árnasyni og meðstjórnarmönnum mínum ánægjulegt og gott samstarf.



Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

STARFSEMI NORÐURORKU HF. Á ÁRINU 2010

HVER ER STAÐA FYRIRTÆKISINS?

Það hefur sem betur fer birt mjög yfir fjárhagslegri stöðu Norðurorku hf. frá því sem var árið 2008. Gengisfall krónunnar olli því að skuldir í erlendri mynt um það bil tvöfölduðust. Þá hækkuðu skuldir í íslenskum krónum gríðarlega vegna mikillar verðbólgu en eðli málsins samkvæmt kom gengisfallið fram í aukinni verðbólgu árin á eftir. Þrátt fyrir gengisfallið eru erlendu lánin hagstæðari sökum þess að undanfarin ár hafa þau borið og bera enn mun lægri vexti en þau innlendu. Eins og sést á línuriti í fjármálakafla skýrslunnar hefur þessi vaxtamunur sparað Norðurorku hf. miklar fjárhæðir á liðnum árum sem ella hefðu gengið til greiðslu á hærri vöxtum á innlendum lánum. Þær aðgerðir sem gripið var til hafa skilað þeim árangri að staða fyrirtækisins er í dag mjög góð. Eiginfjárlutfall Norðurorku hf. er 57% og sjóðsstaða með ágætum. Samkvæmt fjárhagsáætlunum fyrir árin 2011 til og með 2014 er verulegur afgangur af rekstrinum. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir fremur litlum framkvæmdum á þessum árum er framkvæmdafé samt sem áður áætlað 200 til 260 milljónir króna hvert ár. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiða af lánum samkvæmt samningum. Í þessum spám er ekki gert ráð fyrir að fara þurfi í meiriháttar aðgerðir til orkuöflunar fyrir hitaveituna. Verði aukning í heitavatsnotkun svipuð og undanfarin ár og engin áföll ríða yfir á núverandi virkjunarsvæðum má reikna með að auka þurfi orkuvinnslugetuna um eða upp úr 2015. Nánar er gerð grein fyrir hugmyndum um aukna afkastagetu hita- og vatnsveitu, auk stærstu verkefna hjá rafveitu, í viðkomandi köflum hér aftar í skýrslunni. Ljóst er að reikna þarf með að hluti áætlaðs tekjuafgangs næstu ára verði nýttur til orkuleitar og orkuöflunar. Einnig verður að gera ráð fyrir að bætt afkoma komi fram í áframhaldandi raunlækkun á verði heita vatnsins. Loks standa væntingar til þess að hægt verði að greiða skuldir hraðar niður en ella, auk þess sem gert er ráð fyrir því í áætlunum næstu ára að eigendur fái greiddan eðlilegan arð af hlutfjáreign sinni. Í öllum framannefndum áætlunum er við það miðað að krónan lækki ekki mikið miðað við helstu gjaldmiðla, að vextir hækki ekki umtalsvert, að fólksfjöldi á veituvæðinu vaxi í samræmi við fólksfjöldaþspár og að ekki verði stóraföll

í rekstri. Þrátt fyrir þessa varnagla er full ástæða til bjartsýni og yfirgnæfandi líkur eru á að framangreindar hugmyndir um lækkun á verðskrá og lækkandi skuldir standist.

VERÐSKRÁR

Vegna þeirra vísbendinga sem fyrir lágu um góða afkomu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 var ákveðið að halda verðskrár að mestu óbreyttum, t.d. breyttist verðskrá hitaveitu ekki af hálfu Norðurorku hf. Hins vegar lá fyrir að endurgreiðslu á hluta af virðisaukaskatti af heitu vatni yrði hætt um áramót og sú hækkun sem viðskiptavinir verða varir við á heitu vatni rennur öll í ríkissjóð. Sú ákvörðun var tekin að breyta gjaldskrá Reykjaveitu þann 1. janúar 2011 á þann veg að taka upp orkumælingu. Þetta þýðir að ekki er lengur greitt fyrir rúmmetrafjöldann sem rennur í gegnum mæli viðskiptavinarins heldur þær kílóvattstundir sem hver rúmmetri heita vatnsins inniber. Með þessu er tekið fullt tillit til mismunandi hitastigs vatnsins hjá hverjum og einum viðskiptavini. Verðskrá Reykjaveitu hækkaði um 3,3% í samræmi við vísitölu neysluverðs sem aftur byggir á samningi við sveitarfélögin um uppbyggingu veitunnar. Í ljósi þess að nokkurrar óvissu gæti um áhrif þess á heildartekjur Reykjaveitu að skipta úr rúmmetramælingu yfir í orkumælingu var jafnframt ákveðið að lesa af mælum hjá viðskiptavinum nokkrum sinnum á árinu 2011 (í stað árlegs aflestrar) til þess að fylgjast náið með áhrifum breytinganna. Verða þá eftir atvikum gerðar nauðsynlegar breytingar á verðskrá til hækkunar eða lækkunar reynist þess þörf. Gagnvart viðskiptavinunum kemur breytingin fram í því að heildarreikningurinn ýmist lækkar eða hækkar eftir því hvert hitastigið á vatninu hjá hverjum og einum er. Ekki er á þessu stigi áætlað að fara út í sambærilegar breytingar á öðrum hitaveitusvæðum Norðurorku hf. enda myndi sú breyting á mælubúnaði sem þær útheimta kosta nær 400 milljónir króna. Verð á raforkudreifingu hækkaði síðast 1. nóvember 2010 en engar hækkunir voru um áramótin. Verð á neysluvatni hækkaði um 3,3% og heimplagnagjöld um 1% 1. janúar 2011.

AÐAL- OG HLUTHAFAFUNDUR

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 9. apríl 2010 sem var óvenju seint. Það stafaði af því að vinna við endurmat eigna og virðisrýrnunarpróf reyndist mjög tímafref. Fulltrúar allra hluthafa mættu til fundarins, en hluthafar eru Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppur og Þingeyjarsveit. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og skipti hún með sér verkum á fyrsta fundi sínum þannig: Formaður Ásgeir Magnússon, varaformaður Bjarni Jónasson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Anna Þóra Baldursdóttir og Hákon Hákonarson. Varamenn í stjórn voru kosnir: Baldvin Esra Einarsson, Birgir Björn Svavarsson, Gerður Jónsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Sigurður Hermannsson. Þann 1. október 2010 var, samkvæmt ósk bæjarráðs Akureyrar, haldinn hluthafafundur Norðurorku hf. þar sem kjörin var ný stjórn. Fundinn sóttu fulltrúar fyrir 99,43% hluta í félaginu. Nýkjörin stjórn skipti þannig með sér verkum; formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Halla Björk Reynisdóttir, Edward H. Huijbens ritari og meðstjórnendur Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og Bjarni Jónasson.



Franz Árnason forstjóri

Varamenn í stjórn voru kosnir: Haraldur Helgason, Inda Björk Gunnarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Oddur Helgi Halldórsson og Sigurður Hermannsson.

ÝMSIR ÞÆTTIR

Á árinu 2010 voru framkvæmdir hjá Norðurorku svipaðar og árið á undan sem ekki kom á óvart enda allar framkvæmdir í samfélaginu í lágmarki. Þó réðist fyrirtækið í allstóra framkvæmd sem var stækkun dreifikerfis hitaveitunnar í Eyjafjarðarsveit frá virkjunarsvæði hennar við Botn og að Grund og Árbæ. Líklega er þetta með stærstu ef ekki stærsta einstaka framkvæmd hjá hitaveitunum í landinu á árinu 2010. Framkvæmdum lauk í desember byrjun og þá þegar var hafist handa við að tengja hús á svæðinu. Skemmst er frá því að segja að nánast öll hús á svæðinu tengdust og hófu viðskipti fyrir áramót.

Þær sparnaðarráðstafanir sem gripið var til á árinu 2009 komu að fullu fram á árinu 2010 og eiga auðvitað sinn þátt í góðri rekstrarafkomu. Minnkandi framkvæmdir urðu til þess að kaup á sérfræðiþjónustu drógust nokkuð saman. Kaup á sérfræðiþjónustu eru þó ekki eingöngu bundin við verklegar framkvæmdir heldur er drjúgur hluti tengdur tölvu-, innheimtu-, gæða- og viðhaldskerfum og hafa ýmiss konar þjónustu- og viðhaldssamningar vegna framangreindra kerfa verið vaxandi kostnaðarliður sem ekki verður dregið úr nema að rýra öryggi og þjónustu.

Starfsmannavelta hjá Norðurorku er sem fyrr mjög lítil sem er ein af sterkum hliðum fyrirtækisins. Einn starfsmaður, Erlendur Agnar Árnason rafiðnfræðingur lét af störfum fyrir aldurs sakir á árinu en Agnar á að baki langan og giftudrjúgan starfsferil. Frá árinu 1973 starfaði Agnar sem sérfræðingur hjá Rafveitu Akureyrar, síðar Norðurorku hf. og nú síðast hjá Fallorku ehf.

Vegna aldursamsetningar starfsmanna-hópsins, nokkurrar sérhæfingar og þess að veitukerfin hafa stækkað verulega, mun á næstunni þurfa að fjölga nokkuð í starfslíðinu. Að hluta til frambúðar en að einhverju leyti tímabundið. Tveir nýir starfsmenn komu til fyrirtækisins á árinu. Að vanda var málþing Norðurorku hf. haldið þann 29. desember þar sem flutt voru fróðleg erindi sem hægt er að kynna sér á heimasíðu Norðurorku. Á málþinginu var

eins og undanfarin ár úthlutað styrkjum til menningar- og félagsmála vegna ársins 2011. Styrkþegar ársins eru ellefu og heildarupphæð styrkja er 4,5 milljónir króna.

Áfram var unnið að þróun gæðakerfis Norðurorku sem í árslok 2009 hlaut vottun samkvæmt ÍST EN ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum. Mikilvægur þáttur í að viðhalda vottuninni er að innbyggt í kerfið sé innra eftirlit með verklagsreglum og framkvæmd þeirra (innri úttektir) auk reglubundinna úttekta vottunaraðilans. Í raun má segja að vottunin sé staðfest árlaga með úttekinni og þar með að gæðakerfið sé nýtt í samræmi við ákvæði staðalsins og þær reglur sem fyrirtækið sjálft hefur sett sér með kerfinu. Næsta skref verður að öllu óbreyttu að Norðurorka komi upp umhverfisstjórnun hjá fyrirtækinu og fái vottun samkvæmt ÍST EN ISO 14001 staðlinum um umhverfisstjórnunarkerfi. Hafa ber í huga að vottun samkvæmt ofangreindum stöðlum ISO 9001 og ISO 14001 gerir öðrum fyrirtækjum sem sjálf starfa eftir stöðlunum kleift að vísa til þess að birgjar þeirra, í þessu tilviki Norðurorka, séu einnig vottaðir. Þar með ættu þau að standa betur að vígi í viðskiptum og á það ekki síst við um matvælafyrirtæki. Gera má ráð fyrir að fyrirtæki sem vilja láta kenna sig við ábyrga umgengni við náttúruna muni í vaxandi mæli líta til þess að fyrirtæki sem þau skipta við starfi í samræmi við ÍST EN ISO 14001 staðalinn um umhverfisstjórnunarkerfi.

SAMTÖK, DÓTTUR- OG HLUDEILDARFÉLÖG

Norðurorka hf. á aðild að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja. Samorka starfar á fjórum fagsviðum, þ.e. hitaveitna, raforkufyrirtækja, vatnsveitna og fráveitna. Samorka er aðili að Samtökum atvinnulífsins sem m.a. sjá um gerð kjarasamninga fyrir Norðurorku hf. Sem dæmi um starfsemi Samorku má taka kynningarmál, samskipti við stjórnvöld og aðra vegna sameiginlegra hagsmuna aðildarfélaganna, námskeiðahald, fundi fagsviða o.fl. Samorka er þátttakandi í Norðurlandasamstarfi orkufyrirtækja og vatnsveitna.

Norðurorka hf. er félagi í Landssamtökum landeigenda vegna hagsmuna dótturfélagsins Fallorku ehf. og vegna

landareigna að Reykjum í Fnjóskadal. Óbyggðanefnd lýsti kröfum f.h. ríkisins í landareignir í eigu Fallorku ehf. í Djúpadal, þ.e.a.s. jörðina Kambfell og Hvassafellsdal. Einnig voru landareignir í eigu Akureyrarbæjar og Norðurorku hf. í Fnjóskadal undir. Fyrirtækin hafa að mestu haldið sínum hlut nema að eignarhald á Hvassafellsdal mun ráðast í dómsmáli. Sérstaklega er fjallað um málefni Fallorku ehf. á bls. 19.

Starfsemi hlutdeildarfyrirtækjanna Tengis hf. og NORAK ehf. var í samræmi við áætlanir. NORAK ehf. er í raun fasteignafélag sem leigir Becromal Iceland spennamannvirki fyrir fasta upphæð á ári, óháð því hvað um spennana fer af raforku. Stjórn félagsins er skipuð þrem mönnum, einum frá hverjum hinna þriggja hluthafa sem eiga félagið að jöfnu. Engir starfsmenn eru hjá félaginu heldur er öll þjónusta keypt að samkvæmt samningum við þjónustuaðila.

Hjá Tengi hf. voru nokkrar framkvæmdir á árinu að vanda og stöðugt fleiri fyrirtæki tengjast ljósleiðarakerfi félagsins. Það færst einnig í vöxt að einstaklingar tengist kerfinu og er þar líklega mestrar aukningar viðskipta að vænta í náninni framtíð. Hluthöfum í félaginu fækkaði um einn á árinu þegar Tölvur og tæki ehf. keyptu hlut Fjarska hf. í félaginu og eru hluthafarnir nú þrír.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var gengið frá sölu á hlut Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. í lok árs 2009 með fyrirvara um samþykki annarra hluthafa og samkeppnisyfirvalda. Þann 1. apríl 2010 fullnustaði Landsvirkjun síðan kaupin með því að greiða fyrstu afborgun kaupverðs af þremur. Landsvirkjun hefur síðan keypt nánast allt hlutafé í Þeistareykjum ehf. Af fyrirtækjunum Íslenskri orku ehf. og Hrafnabjargavirkjun hf. er fátt eitt að fréttu. Starfsemi er nánast engin en alltaf er þó verið að huga að framtíðinni með ýmsum hætti á vegum félaganna. Norðurorka hf. og aðrir hluthafar telja þó ekki ástæðu til annars en að halda starfsemi þeirra áfram um sinn.

Norðurorka hf. á um 5% hlut í Netorku ehf. sem sér um meðferð gagna vegna raforkumarkaðarins en kemur að öðru leyti ekki að félaginu.

Orkey ehf. hefur nú hafið framleiðslu eldsneytis (lífdísils), í verksmiðju sinni á Akureyri, úr tilfallandi „innlendu“ hráefni svo sem steikingarfeiti, aukaafurðum frá

lýsisframleiðslu, dýrafitu og öðru nothæfu hráefni. N1 mun kaupa alla framleiðslu verksmiðjunnar. Landsmenn eiga þess nú kost að knýja dísilvélar sínar með blöndu af hefðbundinni dísilolíu og lífdísilolíu. Norðurorka hf. á einn fulltrúa í stjórn félagsins. Í síðustu ársskýrslu Norðurorku hf. kom fram að á brattann var að sækja hjá Orkuverði ehf. um fjármögnun RES skólans m.a. vegna þess að áform um að fá fullborgandi nemendur í skólann gengu ekki eins og vonast var eftir. Auk þess fór ríkisframlag minnkandi. Í desember sl. varð síðan ljóst að ekki yrði hægt að halda rekstri RES áfram og Orkuvörður ehf. væri gjaldþrota og er hlutafé af þeim sökum afskrifað í ársreikningi Norðurorku hf. fyrir árið 2010.

RANNSÓKNIR

Árið 2010 voru rannsóknir á vegum Norðurorku hf. ekki yfirgrípsmiklar en þó eru ávallt einhverjar rannsóknir og eftirlit á vegum fyrirtækisins. Á síðustu árum hefur þjónustuvæði Norðurorku stækkað mjög en bæst hafa við hitaveitur í Ólafsfirði, Hrísey og nú síðast veitan fyrir Fnjóskadal og Grenivík. Umfang eftirlitsins hefur því að sama skapi aukist frá því sem áður var. Sem hluta af rekstri hitaveitna sinna lætur Norðurorka fylgjast með öllum jarðhitasvæðum sínum. Fylgst er með samspili vinnslu og vatnsborðs í hverju svæði fyrir sig. Á grundvelli þeirra gagna eru gerðar spár um viðbrögð kerfanna við vinnslu til langs tíma. Einnig eru tekin

sýni af heitu vatni úr öllum vinnsluholum Norðurorku og fylgst með efnainnihaldi vökvans og langtímabreytingum í þeim efnum. Reynslan sýnir að óheppilegra breytinga í jarðhitakerfunum, s.s. aukins innflæðis kalds grunnvatns verður vart í efnaræði vatnsins talsvert áður en veruleg kólnun verður í vinnsluholum sjálfum. Norðurorka jók á síðasta ári við rannsóknir á tæringarmætti jarðhitavatsins sem það nýtir til að miðla orku til viðskiptavina sinna. Tekin hafa verið sýni af útfellingum og meðburði í dreifikerfinu, sýni af lögnum úr einstökum húsum og sýni af vatni í dreifikerfinu. Jafnframt hefur Norðurorka látið setja tæringarplötur í stofnlagnir sínar og inntaksgrindur notenda. Tæringarplötur eru notaðar til að meta tæringarhraða mismunandi málma í jarðhitavatni. Fyrir liggur að hefja frekari rannsóknir sunnan Akureyrar með það fyrir augum að finna þar meira af heitu vatni (sjá nánar í umfjöllun um hitaveitu).

METANGAS

Stjórn Norðurorku hf. samþykkti á fundi þann 24. ágúst 2010 tillögu forstjóra um að Norðurorka hf. sækti um, til bæjarstjórnar Akureyrar, að fá heimild til að kanna nánar hauggas á sorphaugunum á Glerárdal. Bæjarstjórn samþykkti í framhaldinu að ganga til samninga við Norðurorku hf. Til eru áætlanir um magn gass á haugsvæðinu og gera þær ráð fyrir að hægt sé að vinna verulegt magn af hauggasi þar. Hins vegar þarf að staðfesta þá útreikninga sem fyrir liggja með borun rannsóknarhola.

Hauggasið þarf að hreinsa þannig að eftir verði metangas sem er nýtilegt t.d. fyrir hugsanlega koltrefjaverksmiðju á Akureyri. Einnig má nota gasið sem eldsneyti á bíla en sú nýting ein og sér er langt í frá arðbær eins og sakir standa. Fleiri möguleikar eru á nýtingu metangass. Norðurorka hf. telur mikilvægt að komist verði að því með ásættanlegri nákvæmni hvaða gasmagni má ná úr haugsvæðinu og hefur aflað tilboða í borun þriggja rannsóknarhola. Þær verða boraðar nú í vor og úrvinnslu gagna á að ljúka fyrir árslok 2011. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessar rannsóknir geti orðið allt að 8 milljónir króna.

Stofnkostnaður við virkjun borhola og hreinsibúnað er hins vegar áætlaður um 250 milljónir króna og ólíklegt að vinnsla hefjist fyrr en stór viðskiptavinur finnst eða fjöldi ökutækja sem nýtt geta metangas sem eldsneyti í það minnsta hundraðfaldast hér á svæðinu. Norðurorka hf. telur hins vegar að fyrirtækið sem orkuframleiðandi hafi hagsmuni af og beri nokkur skylda til að kanna þessa orkulind. Þessu til viðbótar má nefna að hauggasið og þá einkum metangasið er mjög óæskilegt efni varðandi mengun lofthjúpsins og er yfir 20 sinnum skaðlegri en CO₂. Gasið stígur til yfirborðs á sorphaugum þannig að á endanum fer það allt út í andrúmsloftið sé ekkert að gert. Sumstaðar safna menn gasinu frá sorphaugum og brenna því án þess að nýta það frekar. Sú aðgerð er þá til þess ætluð að draga úr mengun lofthjúpsins.



Á málþingi Norðurorku sem haldið var miðvikudaginn 29. desember fluttu erindi Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor, erindi hans ber heitið, á skorunin mikla í endurnýjanlegri orku á Íslandi, Gauti Hallson forstjóri Becromal Iceland, erindi hans ber heitið nýsköpun í atvinnurekstri – uppbygging Becromal Iceland á Akureyri, og Stefán Pálsson sagnfræðingur, erindi hans ber heitið „Þetta kemur allt með kalda vatninu“ – Upphaf vatnsveitna á Íslandi og stóra kenningin um flutning tækniherfa.

Á myndinni hér til hliðar má sjá fulltrúa styrkþega ásamt forstjóra og stjórnarformanni Norðurorku

FJÁRHAGUR


Eins og fram kemur í ársskýrslu Norðurorku hf. fyrir árið 2009 voru í gangi ýmsar aðgerðir til að styrkja fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Allt þetta hefur bætt stöðu fyrirtækisins verulega auk þess sem salan á hlut Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. gerði fyrirtækinu kleift að greiða skuldir hraðar niður sem bætir stöðuna enn frekar. Verðtryggð innlend lán fyrirtækisins hækkuðu meira en erlend lán á árinu 2009 og hélt sú þróun áfram á árinu 2010. Vaxtamunur er enn mikill og er það trú forsvarsmanna fyrirtækisins að erlendu lánin muni ekki hafa eins mikil áhrif og ætla mætti á fjárhag Norðurorku hf. til lengri tíma lítið.

Rekstrarkostnaður var innan þeirra marka sem áætlanir gerðu ráð fyrir og fjárfestingar voru í þokkalegu samræmi við fjárhagsáætlun.

Frá 31. desember 2001 til 31. desember 2010 hafa verið miklar sveiflur á gengi íslensku krónunnar. Vísitala neysluverðs

hefur einnig tekið miklum breytingum á þessum tíma. Sé horft til meðalgengis EUR á þessum árum og það borið saman við vísitöluna sést ávinningur af lánum í erlendri mynt, í þessu tilviki EUR, á árunum 2004 til fyrri hluta ársins 2008. Þessi styrkleiki krónunnar á liðnum árum, hátt innlent vaxtastig og verðbólga gerðu það mjög fýsilegt að taka lán í erlendri mynt og nýta vaxtamun og sterkt gengi til að greiða niður skuldir. Þetta hefur tekist, en við þá miklu breytingu sem varð á genginu árið 2008 urðu áhrifin þau að höfuðstóll erlendra skulda hækkaði gríðarlega. Hækkun erlendra lána hefur orðið til þess að hækkun þeirra er umfram neysluvísitölubreytingar og því ljóst að hefðu lán fyrirtækisins verið tekin í íslenskum krónum á umliðnum árum væri skuldastaðan örlítið lægri, en á móti kemur að mismunur árána á undan nýttist fyrirtækjum til aukinnar veltufjármyndunar, eða lækkunar skulda og verulega hærri fjárhæð hefði farið í greiðslu vaxta.

ÞRÓUN NEYSLUVÍSITÖLU OG EUR MEÐALGENGIS




ÁR	VEXTIR ERLENDRA LÁNA	ALM.VEXTIR ÖVERÐTR. LÁNA	SÍ - VEXTIR ÖVERÐTR. LÁNA	VAXTAHAGRÆÐI Í MILLJÓNUM KRÓNA
31.12.03	1,44%	6,73%	8,5%	65,2
31.12.04	2,14%	8,75%	9,0%	94,3
31.12.05	2,85%	10,1%	12,0%	115,7
31.12.06	3,50%	14,65%	15,5%	177,9
31.12.07	4,02%	14,45%	16,5%	197,9
31.12.08	4,31%	19,75%	21,0%	130,3
31.12.09	1,39%	9,00%	9,0%	246,3
31.12.10	1,18%	6,00%	5,75%	89,2

Taflan sýnir þróun erlendra vaxta í samanburði við vexti innlendra lána og þær fjárhæðir sem Norðurorka hefði þurft að greiða ef erlend lán fyrirtækisins hefðu öll verið í íslenskum krónum

Á undanförunum árum hefur orðið umtalsverð stækkun á veitukerfum Norðurorku á Akureyri og í nágrennabygðunum og á þessu ári bættist við hitaveitukerfið í Eyjafjarðarsveit. Þrátt fyrir þessar nýju veitur og verulega stækkun dreifikerfa á Akureyri hefur rekstrarkostnaður veitukerfa tekið litlum breytingum á árunum 2005 til 2010 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í árslok og árlegt meðaltal vísitölu neysliverðs. Tekist hefur að ná fram verulegri hagræðingu með yfirtöku veitna og verulegri stækkun veitukerfa.

hluta Eyrarlandsvegjar og Þingvallastrætis. Rafkerfið var einnig endurnýjað að hluta í eldri hluta Glerárhverfis. Helsta stækkunin var vegna umsvifa á svæði ofan við Rangárvelli. Dreifistöðvar eru að mestu óbreyttar eftir árið. Þó var 50 kVA stauraspennir við tjaldsvæðið að Hömrum tekinn niður og öðrum stærri, 315kVA, komið fyrir í húsi á svæðinu. Ráðast þarf í kostnaðarsama endurnýjun búnaðar í aðalspennistöðvunum A I og A II og er gert ráð fyrir að hún hefjist á næsta ári. Þegar skipulagi er breytt virðist stundum eins og gleymist að gera ráð fyrir

ÞÓRUN REKSTARKOSTNAÐAR VEITURKERFA SAMANBORIÐ VIÐ VÍSTÖLU NEYSLUVERÐS OG BYGGINGAVÍSTÖLU 2005 - 2010



RAFVEITAN

Norðurorka hf. dreifir raforku á Akureyri og á virkjunarsvæði hitaveitunnar á Laugalandi. Verðskrár rafveitna, þar á meðal Norðurorku hf., eru háðar samþykki Orkustofnunar og þar er naumt skammtað. Þetta er engum til góðs og þessi aðferðafræði getur orðið til þess, til lengri tíma litið, að dreifikerfin fái ekki það viðhald sem nauðsynlegt er til að tryggja afhendingaröryggi nægilega. Truflanir á raforkuafhendingu á árinu 2010 voru heldur færri en oft áður, en viðtæk truflun hjá Landsneti olli tæplega tveggja tíma rafmagnsleysi á Akureyri 7. maí. Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns voru fremur litlar á árinu. Unnið var að stækkun og breytingum dreifikerfisins eftir þörfum viðskiptavina. Þannig voru rafstrengir endurnýjaðir í tengslum við endurbyggingu

mannvirkjum svo sem spennistöðvum. Við Undirhlíð er nú t.d. gert ráð fyrir að byggja tvö stór fjölbýlishús og 5 einbýlishús við Miðholt. Til að geta annað viðbótinni, ásamt þeirri þörf sem þegar er á svæðinu, er hagstæðast að byggja nýja spennistöð á auðu svæði sunnan Undirhlíðar og var því sótt um lóð þar. Þeirri umsókn hafnaði skipulagsnefnd vegna mótmæla íbúa í nágrenninu. Aðrir staðir á þessu svæði eru dýrari kostur og er þetta mál enn óleyst. Að hluta til virðist andstaða við spennistöðvar stafa af ótta fólks við það sem í daglegu tali er kallað rafmengun. Fólk vill fá rafmagn en síður kapla og spennistöðvar. Í þessu samhengi er full ástæða til þess að benda fólki á að það eru ekki aðeins kerfi rafveitunnar sem uppfylla þurfa kröfur reglugerða og staðla

um búnað, efni og frágang. Rafkerfi húsa þurfa einnig að uppfylla þessar kröfur til að vera örugg. Athuganir hafa því miður sýnt að mun algengara er að bilana eða ágalla á frágangi sé að leita í hú sveitunum. Óttinn við rafsegulsvið virðist hinsvegar meiri en ástæða er til, og má benda á ýmsar upplýsingar í því sambandi á heimasíðunni, www.samorka.is og www.gr.is.

VATNSVEITAN

Vatnsveitan þjónar Akureyri og Hörgárbyggð innan samtengds öflunar- og dreifikerfis. Norðurorka hf. rekur auk þess vatnsveitur og vatnsból í Hrísey, Svalbarðsstrandarhreppi og Eyjafjarðarsveit. Endurnýjun vatnsbóla við Garðsvík sem þjóna Svalbarðseyri og norðurhluta Svalbarðsstrandarhrepps lauk síðastliðið vor. Einnig var unnið við endurbætur á vatnsveitunni í Hrísey m.a. skipt um dælur í dælustöð við Miðbraut. Á haustdögum var unnið að endurnýjun hluta vatnsbólanna á Glerárdal. Aðrar framkvæmdir við vatnsveitu voru fyrst og fremst viðgerðir á bilunum og endurnýjun vatnslagna í tengslum við endurbyggingu gatna á Akureyri. Vatnsöflun er raunar að mestu í góðu horfi þó auðvitað sé nauðsynlegt að halda endurbótum á vatnsbólum áfram. Fyrir liggur að innan fárra ára þarf að endurnýja þau vatnsbólanna í Hesjuvallalindum og á Glerárdal sem ekki hafa þegar verið endurnýjuð. Æskilegt er einnig að auka vatnsvinnsluna á þessum stöðum, ef gerlegt reynist, m.a. til að minnka kostnað við dælingu frá Vöglum. Að því kemur einnig að byggja verður vatnsgeymi fyrir þriðja þrýstisvæði kaldvatnskerfisins.

HITAVEITAN

Eins og fram hefur komið var stærsta verkefni hitaveitunnar stækkun dreifikerfisins í Eyjafjarðarsveit. Lögð var stofnlögn frá vinnsluhölu veitunnar á Botni til suðurs og deilist hún síðan annars vegar að Grund en hins vegar að Finnastöðum. Alls voru notaðir til verksins um 12.500 metrar af einangruðum plast- og stálrörum í sverleika frá 65 mm niður í 15 mm. Lagt var inn í 30 hús sem nánast öll hafa þegar hafið viðskipti. Viðskiptavinir á þessu svæði þurftu að greiða rúma milljón króna í heimlagngjöld auk lengdargjalda fyrir heimlagning umfram 50 metra. Í ljósi þess

að framkvæmdin er mjög kostnaðarsöm var gott samstarf við íbúa svæðisins forsenda þess að í framkvæmdir yrði ráðist. Það gekk eftir og yfir 95% íbúa staðfestu með samningum vilja sinn til þess að tengjast veitunni. Auk þessa kemur framlag ríkissjóðs inn í verkefnið, en það nemur fjárhæð sem samsvarar átta ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á svæðinu. Kostnaður við framkvæmdina var í samræmi við áætlanir og ætti verkefnið því að skila þeirri arðsemi sem þarf. Í tengslum við þessa framkvæmd var ráðist í framkvæmdir á vinnslusvæðinu á Botni og Hrafnagili sem tryggja betur vatnsafhengingu í Reykárhverfi og bæta samspil vinnslusvæðanna austan og vestan Eyjafjarðarar. Aðrar helstu framkvæmdir voru að ljúka við dælustöð við Skjaldarvík sem byrjað var á í lok árs 2009. Dælustöðin eykur flutningsgetu frá vinnslusvæðinu við Hjalteyri um allt að 30%. Tengdur var 61 nýr viðskiptavinur á síðasta ári. Skipt var um dælur í borholu HN10 á Hrafnagili og í holu 4 í Ólafsfirði. Einnig var mikið endurnýjað af heimtaugum, oftast í tengslum við framkvæmdir húseigenda.

Líklegt er að ekki verði komist hjá því að auka aflgetu hitaveitunnar innan 5 til 8 ára. Þó nægilegt vatnsmagn sé fyrir hendi til að mæta meðalþörf veituvæðisins nokkuð mörg ár inn í framtíðina, er hámarksaflið vandamál. Til að mæta hámarksaflið þarfinn til skamms tíma má hugsa sér að nýta varmadælur og olíuketil. Þetta er hins vegar kostnaðarsamt og óhagkvæmt til lengri tíma lítið. Á næstu árum verður leitað með yfirborðsrannsóknum og grunnborunum að vísbendingum um frekari möguleika á öflun heits vatns í fyrrum Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppi. Ástæður þessa eru í fyrsta lagi að vísbendingar eru um meira vatn á þessu svæði. Sem dæmi má taka að enn er uppi sjálfrennandi vatn í Stokkahláða- og Kristneslaug og einnig í Grýtulaug og víðar. Í öðru lagi er nokkur ónýtt flutningsgeta fyrir hendi í aðalæð frá Laugalandi og því væri mikill akkur í að finna vatn sem leiða mætti um þá lögn til Akureyrar. Núverandi vinnslusvæði sunnan Akureyrar eru nú nýtt með sjálfbærni þeirra í huga.

Aðalæðin frá Hjalteyri er nánast fullnýtt, þó er mögulegt að auka flutningsgetu hennar nokkuð með nýrri dælustöð sunnan Lónsár. Ný aðveitulögn frá Hjalteyri kann að vera kostur, en fá þarf meiri reynslu á afkastagetu jarðhitasvæðisins þar áður en


í slíka framkvæmd yrði ráðist. Þá má ekki gleyma því að frá verksmiðju Becromal í Krossanesi er hent mikilli varmaorku, sem hugsanlega væri hægt að nýta til að hita upp bakrásarvatn. Allir þessir möguleikar eru dýrir, kosta hundruð milljóna hver um sig. Ódýrasti kosturinn er að byggja nýja dælustöð á Hjalteyrarlögnina en sá kostur er þó skammtímalausn. Næsti kostur er að finna vatn sunnan Akureyrar en áhættan er nokkur í ljósi reynslu af fyrri borunum. Nýting varmaorkunnar frá Becromal er erfiðleikum háð vegna staðsetningar og þess að byggja þyrfti varmaskiptastöð. Ýmis önnur vandkvæði eru fyrir hendi við þessa nýtingu. Ef jarðhitasvæðið á Hjalteyri stendur undir þeirri vinnslugetu sem meðalspár um afköst gefa til kynna, er lagning nýrrar lagnar þaðan raunhæfur kostur ef ekki finnst meira vatn sunnan Akureyrar.

Reykjaveita í Fnjóskadal og Grýtubakkahreppi þarf ekki meira vatn en nú er hægt að dæla upp á Reykjum í fyrrisjäänlegri framtíð. Í Ólafsfirði virðist þrýstingur hafa minnkað á vinnslusvæðum hitaveitunnar eftir að Héðinsfjarðargöng voru gerð. Málið er í skoðun en ekki þarf að hefja frekari vatnsleit að sinni. Stjórnkerfi hitaveitunnar í Ólafsfirði var endurnýjað og er nú hægt að fylgjast með flestum þáttum sem máli skipta í stjórnstöðinni á Akureyri. Í Hrísey hefur jarðhitasvæðið „braggast“ vegna aðgerða sem gripið hefur verið til, fyrst og fremst vegna lagfæringa á leka í kerfinu og endurnýjunar mælubúnaðar hjá viðskiptavinum.




Starfsmaður kvaddur Franz og Agnar Árnason


HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI




ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI



RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI



Orkunotkun, orkuþörf og orkumáttur hitaveitu Norðurorku.



LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	19.057	22.460	22.963	22.973	22.963
Hú sveitur	6.001	6.226	6.386	6.342	6.404
Rúmmál húsa tengdra hitaveitu m ³	4.344.472	4.984.759	5.233.916	5.347.552	5.392.057
Hemlar	130	130	130	335	335
Orkumælur	0	0	0	0	202

ORKUÖFLUN Á JARÐHITASVÆÐUM	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	14	14	15	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	81	81	81	81	90
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	5.384.481	5.723.029	6.196.472	6.312.228	6.428.215
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89/60	89/60	89/60	89/60	89/60

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Lengd safn- og aðveituæða					
Stál m	51.869	52.720	52.720	52.784	52.784
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	63.669	64.520	64.520	64.584	64.584
Varmadælur					
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun GWh	0,070	1,800	0,080	0,137	0,035
Oliúketill					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Oliunotkun á árinu lítrar	0	0	0	0	0

DREIFIKERFI OG DÆLUSTÖÐVAR	2006	2007	2008	2009	2010
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) MW	86,5	93,7	93,7	93,7	102,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	66,6	70,0	72,9	81,9	82,1
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	6.340.034	6.792.425	7.259.316	7.571.181	8.071.092
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79/60	79/60	79/60	79/60	79/60
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72/58	72/58	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2 TJ	1.367	1.464	1.565	1.632	1.740
Hlutfall orkuvinnslu					
Jarðhiti %	99,9	99,9	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	7	7	7	7	8
Heildarafl dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.878	2.902	2.902	2.902	3.478
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	5.640	5.932	6.115	6.366	6.909
Miðlunarrými m ³	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis					
Stál m	310.381	371.630	409.987	411.233	417.505
Plast m	75.464	97.582	102.718	105.638	114.718
Samtals m	385.845	469.212	512.705	516.871	532.223
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	1.150	946	774	300	140
Hlutfall dreifikerfis					
Einfalt %	85	87	87	87	87
Tvöfalt %	15	13	13	13	13


VEITUSVÆÐI EKKI TENGD AKUREYRI

REYKJAVEITA	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu			2	2	2
Án djúpdælu			0	0	0
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C			90,0	90,8	90,8
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C			90,0	90,0	90,0
Lengd dreifikerfis					
Stál m			58.656	58.994	59.028
Plast m			26.295	27.434	28.254
Samtals m			84.951	86.428	87.281
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³			369.919	388.045	395.208


HRÍSEYJARVEITA	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu			0	0	0
Án djúpdælu			1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C			78°C	79°C	79°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C			78°C	77°C	77°C
Lengd dreifikerfis					
Stál m			4.645	4.645	4.645
Plast m			1.931	1.931	1.938
Samtals m			6.576	6.576	6.583
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³			141.222	161.754	161.298

ÓLAFSFIJARÐARVEITA	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu			2	2	2
Án djúpdælu			1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C			57/67 °C	57/67 °C	57/67 °C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C			60,9	60,9	60,9
Lengd dreifikerfis			24.344	24.317	24.353
Stál m			11	38	38
Plast m			24.355	24.355	24.391
Samtals m			1.317.441	1.241.100	1.215.160
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³					


RAFORKUDREIFING 2010




ÞRÓUN RAFORKUDREIFINGAR 1992 - 2010



ÁRLEG ÞRÓUN HEILDAR RAFORKUFLUTNINGS




AFLTÖPPAR FORGANGSORKU



RAFORKUDREIFING OG -FLUTNINGUR - GLERÁRVIRKJUN OG DJÚPADALSVIRKJUN TENGJAST BEINT INN Á DREIFIKERFIÐ

LANDSNET			VIRKJANIR		HEILD SAMTALS	FORGANGSAFL
MWh	Forgangsorka	Ótryggorka	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun	MWh	MW
JAN	10.249	1.643	100	1.118	13.110	20,8
FEB	9.259	1.462	79	649	11.448	18,6
MAR	8.870	1.631	92	1.014	11.607	17,5
APR	7.297	1.438	91	1.089	9.915	15,9
MAÍ	6.560	1.398	116	1.496	9.570	15,5
JÚN	5.430	1.473	213	1.885	9.001	12,8
JÚL	5.423	1.519	222	1.966	9.130	12,7
ÁGÚ	6.180	1.440	61	1.932	9.613	13,4
SEP	6.720	1.427	148	1.737	10.031	14,2
OKT	7.807	1.407	198	1.638	11.050	17,1
NÓV	9.251	1.493	121	1.035	11.901	18,2
DES	10.672	1.535	102	1.241	13.551	20,8
Summa	93.718	17.866	1.542	16.801	129.928	19,613



LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR		2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi íbúa á veituvæði	fjöldi	16.822	17.253	17.522	17.563	17.573

DREIFIKERFID		2006	2007	2008	2009	2010
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafll	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	102	100	100	101	102
uppsett spennaafll	MVA	63	65,7	67	65,7	65,9
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	4	4	4	3
uppsett spennaafll	MVA	0,23	0,23	0,23	0,23	0,18
Tengiskápar	fjöldi	932	978	985	983	1003
Sölumælur	fjöldi	8.792	9.020	9.175	9.221	9.245
Heimtaugar -25 - 63 A	fjöldi	3.490	3.603	3.649	3.664	3.670
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	365	384	395	398	400
Heimtaugar - →400 A	fjöldi	74	74	79	82	83
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	106,2	107,8	108,7	110,3	111,1
230/400 V jarðstrengir	km	432,7	450,9	462	468,3	481,1
6 - 11 kV loftlínur	km	2,7	2,7	2,7	2,7	2,7
230/400 V loftlínur	km	4,7	4,3	4,3	4,3	4,3

DREIFIKERFID		2006	2007	2008	2009	2010
Varaafll	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,9	1,132/0,9	1,132/0,9
Raforkuflutningur til dreifiveitu	MWh	140.628	137.778	137.645	134.872	129.928
Eigin raforkuvinnsla	MWh	1.624	1.976	1.495	1.648	1.542
Forgangsorta - mesta afl	MW	22,3	21,8	22,1	21,0	20,8
Forgangsorta dreifing	MWh	111.062	114.069	117.150	115.532	112.061
Raforkudreifing	MWh	131.723	127.367	127.749	128.219	123.574
þar af til heimila	MWh	31.971	33.665	35.275	36.204	35.939
til iðnaðar	MWh	49.577	43.163	39.073	38.636	35.857
til þjónustu	MWh	43.301	45.920	47.769	47.870	46.116
annað	MWh	6.875	4.620	5.632	5.509	5.663
Raforkudreifing á hvern íbúa	kwh	7.830	7.382	7.856	7.301	7.032

GÖTULÝSING		2006	2007	2008	2009	2010
Götuljósastólpar	fjöldi	4639	4347	4427	4450	4465
Glerárvirkjun	Afl kW	280	301	303	303	304
Framleiðsla	MWh	1.624	1,976	1.492	1.648	1.542



LYKILSTÆRÐIR - VATNSVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	EININGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	17.768	18.225	19.373	19.436	19.440
Neysluveitur	fjöldi	8.856	8.976	9.056	9.121	9.132
Aukavatnsmælar	fjöldi	81	81	83	91	89

VATNSBÓL	EININGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi vatnsbóla	fjöldi	6 svæði	6 svæði	9 svæði	9 svæði	9 svæði
Grunnvatn - borholur	fjöldi / l/s	13/136	13/136	13/136	13/136	13/136
Lindir	fjöldi / l/s	25/60	25/60	30/70	30/70	30/70
Áætluð heildarafkastageta vatnsbóla	l/sek	420	420	430	430	430


VATNSNOTKUN	EININGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Hámarksálag hjá vatnsveitu	l/sek	179	167	167	167	166
Meðalnotkun á sólarhring	l/sek	121	132	109	136	148
Næturrennsli	l/sek	70	80	80	80	79
Vatnssala eftir mæli	m ³ /ár	1.765.029	1.914.989	1.343.195	1.580.038	1.863.114
Áætluð vatnssala	m ³ /ár	3.814.000	4.000.000	4.000.000	4.270.000	4.280.000

AÐVEITUÆÐAR	EININGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Plaströr	km	45	45	45	45	45
Asbeiströr	km	1	1	1	1	1


DREIFIKERFI	EININGAR	2006	2007	2008	2009	2010
Plaströr	km	305	337	381	384,5	387,2
Seigjárnssteypurör	km	6	6	6	6	6
Asbeiströr	km	4	4	4	4	4
Miðlun: Miðlunargeymar	fjöldi	7	7	8	8	8
Miðlunarrými	m ³	6300	6300	6400	6400	6400
Dæling: Dælustöðvar	fjöldi	5	5	5	5	5
Uppsett afl dælumótora	kW	470	470	470	470	470
Keypt raforka á dælur	kWh/ár	238.080	272.960	423.440	417.394	521.273
Varaafll (luppsett afl)	kW	160	160	160	160	160



KALDAVATNSÖFLUN 2010



KALDAVATNSÖFLUN ÞRÓUN 1995 - 2010



ORKUNOTKUN Á HEIMILUM - ÁÆTLAÐ MEDALTAL verð með vsk og orkuskatti

Raforka, taxti A1		kWh	Kr. á ári	Kr. á mán.
Einbýlishús	4 í heimili	6.500	73.009	6.084
Raðhús	4 í heimili	5.200	58.407	4.867
Fjölbýlishús	4 í heimili	3.400	38.189	3.182
Heitt vatn		m ³	Kr. á ári	Kr. á mán.
Einbýlishús	180 m ²	750	98.453	8.204
Raðhús	130 m ²	465	68.903	5.742
Fjölbýlishús	80 m ²	220	43.501	3.625



FRÉTTIR AF FALLORKU

Hér að neðan er nokkrir punktar úr skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra Fallorku ehf. sem flutt var á aðalfundi félagsins þann 28. febrúar 2011.

Rekstur Fallorku gekk vel á árinu 2010 og seldi félagið samtals 146,7 GWst af raforku. Framleiðsla Djúpadalsvirkjana var 16,8 GWst eða nokkru minni en árið á undan. Rekstrartekjur námu samtals 543 mkr. og hækkuðu um 15% á milli ára. Hagnaður ársins var 354 mkr. sem skýrist að miklu leyti af leiðréttingu á höfuðstól langtímaláns samhliða færslu þess yfir í íslenskar krónur. Hlutfé félagsins var aukið um 64,5 mkr. í desember til að styrkja fjárhagsstöðuna enn frekar. Félagið er áfram að fullu í eigu Norðurorku. Eigið fé Fallorku var orðið lítillega jákvætt í lok ársins og eru það mikil umskipti frá því árið áður þegar eigið fé var neikvætt um 418 mkr.

Fallorka hefur ekki fengið greiddar bætur frá Viðlagatryggingu Íslands vegna tjóns sem varð í flóði í desember 2006, þrátt fyrir að Úrskurðarnefnd um viðlagatryggingu hafi úrskurðað Fallorku í hag í janúar 2010. Fallorka vinnur enn að því að fá greiddar bætur og hefur á talið stjórnarsýslu stjórnar Viðlagatryggingar Íslands í málinu harðlega.

Fallorka framleiddi á árinu um 15% af þeirri forgangsortu sem félagið seldi. Afgangurinn var keyptur í heildsölu af nokkrum sjálfstæðum framleiðendum og að stærstum hluta frá Landsvirkjun. Ný stefna Landsvirkjunar er að raforkuverð á Íslandi taki mið af verði á meginlandi Evrópu. Fallorka telur því mikilvægt að auka eigin framleiðslu til að verða minna háð heildsölumarkaðnum. Félagið hefur látið gera úttekt á þeim möguleika að reisa 2 MW rennslisvirkjun í Glerá ofan Akureyrar og virðist það vera

hagkvæmur kostur. Fallhæð yrði 130 metrar og heildarlengd á fallrörum um 2.800 metrar. Kostnaðaráætlun nemur um 430 mkr. Akureyrarbæ hefur verið sent formlegt erindi vegna málsins. Fleiri nýir virkjunarkostir eru til skoðunar þar á meðal þriðja virkjunin í Djúpadalsá. Hún yrði í Hvassafellsdal, uppsett afl 2 til 3 MW eftir því hvaða útfærsla yrði valin. Vatnsmiðlun yrði í öllum tilvikum umtalsverð eða um 3 GL sem er sexfalt á við lón Djúpadalsvirkjunar 2 og myndi nýtast öllum þremur virkjunum. Fallorka hefur samið um að kaupa alla orku frá nýrri 30 kW vindrafstöð í Belgsholti í Melasveit. Þetta er fyrsta vindrafstöðin sem tengist landskerfinu og markar því tímamót. Verður fróðlegt að fylgjast með hvernig hún reynist.



Úr Djúpadal





ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2010

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymisyfirlit	26
Skýringar	27

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Félagið er orkuveitufyrirtæki sem selur heitt vatn, rafmagn og kalt vatn á Akureyri og nágrenni. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Á árinu störfuðu 53 starfsmenn að meðaltali hjá samstæðunni og námu launagreiðslur 238,1 millj. kr. Að auki greiddi félagið launatengd gjöld að fjárhæð 67,0 millj. kr.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2010 að fjárhæð 1.254,6 millj. kr. Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam 4.829,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2011, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Hlutfé félagsins í árslok nam 846,7 millj. kr. Hlutfé skiptist á sex hluthafa í árslok, eins og í ársbyrjun. Einn hluthafi átti yfir 10% eignarhlut í félaginu, Akureyrarbær, sem átti 98,3% af heildarhlutfé félagsins.

Stjórn Norðurorku hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunaráttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 7. mars 2011.

Í stjórn félagsins:



 Svein K. Adalsteinsson

 Halla Þ. Reynisd.

 Asdís Elva Rísmáldóttir

 Þjálfurjónsson

 Eðvarð H. Ástfríðsson

Forstjóri:



 Franz Árnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Norðurorku hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 7. mars 2011.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Sala	3	2.291.536	2.199.238
Söluhagnaður eigna		807	146
		<u>2.292.343</u>	<u>2.199.384</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup		582.094	523.330
Laun og launatengd gjöld	4	277.386	260.329
Annar rekstrarkostnaður		312.393	321.439
Afskriftir	8,9	340.116	334.813
		<u>1.511.989</u>	<u>1.439.911</u>
Rekstrarhagnaður		780.354	759.473
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	<u>589.560</u>	<u>648.374</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	11	9.892	(30.209)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.379.806	1.377.638
Tekjuskattur	6	(125.219)	(179.043)
Hagnaður ársins	16	<u>1.254.587</u>	<u>1.198.595</u>
Hagnaður á hlut	7	1,48	1,42

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	7.366.880	7.466.751
Óefnislegar eignir	9	218.638	247.298
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	95.137	53.717
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	10.777	11.725
Verðbréfaeign	13	631.290	685.300
Fyrirframgreiddur kostnaður		5.823	6.508
Skatteign	14	142.505	290.157
Fastafjármunir samtals		<u>8.471.050</u>	<u>8.761.457</u>
Birgðir		85.324	76.182
Viðskiptakröfur		241.659	196.340
Kröfur á tengda aðila	22	59.012	19.561
Aðrar skammtímakröfur		7.971	565.319
Handbært fé		347.316	111.585
Veltufjármunir samtals		<u>741.282</u>	<u>968.986</u>
Eignir samtals		<u><u>9.212.332</u></u>	<u><u>9.730.443</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutafjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		2.000.840	2.126.189
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		3.330	11.026
Óráðstafað eigið fé		1.710.786	353.283
Eigið fé samtals	16	<u>4.829.843</u>	<u>3.605.385</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	17	3.713.076	5.065.391
Langtímaskuldir samtals		<u>3.713.076</u>	<u>5.065.391</u>
Viðskiptaskuldir		131.496	76.265
Skuldir við tengda aðila	22	2.114	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	410.132	671.612
Aðrar skammtímaskuldir		125.670	311.790
Skammtímaskuldir samtals		<u>669.413</u>	<u>1.059.667</u>
Skuldir samtals		<u>4.382.489</u>	<u>6.125.058</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>9.212.332</u></u>	<u><u>9.730.443</u></u>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	20		

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2010. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

b. Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda

Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu af langtímaskuldum. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á skatteign. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var síðast framkvæmt í árslok 2009.

e. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

Skýringar, frh.:

f. **Dótturfélag**

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óföfnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

g. **Hlutdeildarfélög**

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

h. **Eignarhlutir í öðrum félögum**

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

i. **Birgðir**

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

j. **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. **Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. **Virðisrýrnun**

Bókfært verð eigna samstæðunnar er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

m. **Tekjuskattur**

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatnsveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Skýringar, frh.:

m. **Tekjuskattur, frh.:**

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Skatteign dótturfélags er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Reiknuð skatteign dótturfélags í árslok nemur 81,3 millj. kr.

Skatteign móðurfélags er færð að fullu til eignar.

Í desember 2010 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2012. Áhrif þessa nema 14,3 millj. kr. til hækkunar skatteignar móðurfélagsins.

3. **Sala**

Sala félagsins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2010	2009
Tekjur hitaveitukerfis	927.736	912.944
Tekjur vatnsveitukerfis	259.379	250.969
Tekjur rafveitukerfis	1.019.606	961.049
Aðrar tekjur	84.815	74.276
	<u>2.291.536</u>	<u>2.199.238</u>

4. **Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	238.111	244.847
Launatengd gjöld	66.962	59.885
Kostnaðarverð eigin vinnu	(27.688)	(44.403)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>277.386</u>	<u>260.329</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	53	51

Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra móðurfélagsins námu 16,8 millj. kr. á árinu.

5. **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur og arður	57.770	8.752
Vaxtagjöld og verðbætur	(202.084)	(299.002)
Höfuðstólslækkun langtímaskulda	321.334	0
Gengismunur	412.242	(223.154)
Söluhagnaður eignarhluta	0	1.164.475
Niðurfærsla eignarhluta, breyting	298	(2.697)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>589.560</u>	<u>648.374</u>

Skýringar, frh.:

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall móðurfélagsins greinist þannig:

		2010		2009
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.379.806		1.377.638
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	18,00%	248.365	15,00%	206.646
Áhrif af breyttum tekjuskattshlutföllum	(1,03%)	(14.251)	(7,57%)	(104.267)
Eignarhlutir í öðrum félögum	(0,00%)	(54)	5,61%	77.218
Áhrif dótturfélags	(4,84%)	(66.850)	0,47%	6.460
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	(1,42%)	(19.544)	(1,29%)	(17.806)
Aðrir liðir	(1,63%)	(22.447)	0,78%	10.793
Virkur tekjuskattur	9,08%	125.219	13,00%	179.043

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarmiðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár.

	2010	2009
Hagnaður ársins	1.254.587	1.198.595
Vegið meðaltal hlutafjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	1,48	1,42

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Vatnsveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	5.282.320	1.947.989	2.545.316	1.103.554	10.879.179
Afskrifað samtals	(1.158.116)	(849.817)	(970.954)	(433.540)	(3.412.427)
Bókfært verð 1.1.2010	4.124.204	1.098.172	1.574.362	670.014	7.466.751
Keypt á árinu	131.358	17.332	34.715	28.438	211.843
Selt á árinu	0	0	0	(259)	(259)
Afskrifað á árinu	(144.164)	(48.916)	(72.603)	(45.773)	(311.456)
Bókfært verð 31.12.2010	4.111.399	1.066.588	1.536.474	652.420	7.366.880
Afskriftahlutföll	2,5 - 5%	2,5%	1,7 - 6%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	40 ár	17 - 60 ár	5 - 50 ár	

Vegna framkvæmda við dreifbýlisveitur á félagið rétt á endurgreiðslu hluta framkvæmdakostnaðar. Áætlað er að endurgreiðslur vegna eignfærðra framkvæmda í árslok nemi um 6,9 millj. kr. sem koma til lækkunar á framkvæmdakostnaði þegar greiðslur berast.

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2009 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum samstæðunnar.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkanir eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2010.

Sérstakt endurmat í árslok greinist þannig:

	2010	2009
Endurmetið bókfært verð	7.366.880	7.466.751
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(2.358.747)	(2.461.636)
Bókfært verð án endurmats	5.008.133	5.005.116

Fasteignamat og vátryggingaverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð samstæðunnar í árslok 2010 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana	21.758.201
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	6.714.460
Vátryggingarverð fasteigna	1.845.131
Fasteignamat fasteigna	772.054
Fasteignamat leigulóða	151.853
Bókfært verð fasteigna	596.554
Vátryggingarverð lausafjármuna	246.739
Bókfært verð lausafjármuna	55.866

9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:

Bókfært verð 1.1.2010	247.298
Gjaldfærsla ársins	(28.661)
Bókfært verð 31.12.2010	218.638

10. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti eitt dótturfélag í árslok, Fallorku ehf. sem er hluti af samstæðureikningi Norðurorku hf. Bókfært verð eignarhlutans hjá móðurfélaginu nam 21,5 millj. kr. í árslok.

Skýringar, frh.:

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig í árslok:

	Eignarhlutur	Bókfært verð	Fært í rekstrar- reikning
Norak ehf., Akureyri	33,33%	65.033	3.480
Tengir hf., Akureyri	38,41%	30.105	6.412
Bókfært verð 31.12.2010		95.137	9.892

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig í árslok:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Hrafnabjargavirkjun hf., Laugum	18,75%	1.875
Íslensk orka ehf., Akureyri	29,23%	55.944
NetOrka hf., Hafnarfirði	4,48%	5.299
Orkey ehf., Akureyri	5,88%	1.919
Orkuvörður ehf., Akureyri	7,37%	20.000
		85.037
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		(74.260)
Bókfært verð 31.12.2010		10.777

13. Verðbréfaeign

Í árslok 2009 seldi Norðurorka hf. eignarhlut sinn í Þeistareykjum ehf. Sá hluti söluverðs sem greiðist á árunum 2019 til 2034 nemur 631,3 millj. kr., og er færður meðal langtímakrafna. Viðbótargreiðsla vegna sölu eignarhlutans er háð því að orkuvinnsla hefjist innan tuttugu og fimm ára frá undirritun kaupsamnings og er hún ekki færð í ársreikningi vegna óvissu um greiðslu hennar.

14. Skatteign

Skatteign móðurfélagsins greinist þannig:

	2010	2009
Skatteign í ársbyrjun	290.157	804.647
Breyting vegna endurmats	(22.432)	(335.447)
Reiknaður tekjuskattur ársins	(125.219)	(179.043)
Skatteign í árslok	142.505	290.157

Skatteign móðurfélagsins skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	(21.486)	(15.470)
Varanlegir rekstrarfjármunir	104.554	136.970
Frestaður söluhagnaður eignarhluta	(204.008)	(214.209)
Birgðir	(717)	(589)
Viðskiptakröfur	(167)	(84)
Yfirfæranlegt skattalegt tap móðurfélags	296.796	361.861
Frestaður gengismunur	(32.466)	21.678
Skatteign í árslok	142.505	290.157

15. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	13.000	10.000
Tapaðar kröfur á árinu	(9.744)	(15.285)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	11.744	18.285
Niðurfærsla í árslok	15.000	13.000

Skýringar, frh.:

16. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 846,7 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	846.662	268.225	2.126.189	11.026	353.283	3.605.385
Tekjuskattur af endurmati ..	0	0	(22.432)	0	0	(22.432)
Afskrift endurmats	0	0	(102.917)	0	102.917	0
Gengismunur						
vegna þýðingar	0	0	0	(7.696)	0	(7.696)
Hagnaður ársins	0	0	0	0	1.254.587	1.254.587
Eigið fé 31.12.2010	846.662	268.225	2.000.840	3.330	1.710.786	4.829.843

17. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í EUR	1.710.088
Skuldir í JPY	208.588
Skuldir í USD	34.651
	<u>1.953.327</u>
Skuldir í íslenskum krónum	2.169.881
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	4.123.209
Næsta árs afborganir	(410.132)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>3.713.076</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	410.132
Árið 2012	392.777
Árið 2013	395.583
Árið 2014	398.562
Árið 2015	401.723
Síðar	2.124.431
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>4.123.209</u>

Víkjandi lán

Á meðal langtímaskulda eru skuldabréf að fjárhæð 20,0 millj. kr. með víkjandi rétti. Skuldabréfin eru með gjalddaga árið 2011 og skal endurgreiðsla aðeins fara fram ef arðsemi Reykjaveitu er að minnsta kosti 6,5%. Skuldabréfin eru óverðtrygð og vaxtalaus.

18. Afleiðusamningar

Félagið gerði gjaldeyrissamninga við viðskiptabanka félagsins í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu eigna og skulda. Þann 23. apríl 2010 var undirritað samkomulag um fullnaðaruppgjör á samningunum. Áhrif af uppgjöri samninganna eru færð á meðal fjármagnsliða.

19. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap móðurfélagsins í árslok 2010, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 1.484,0 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt til ársins 2018.

Skýringar, frh.:

20. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Félagið er í ábyrgð fyrir skuldum Þeistareykja ehf. að fjárhæð 105,5 millj. kr. í árslok 2010. Kaupsamningur um hluti Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. sem gerður var á árinu 2009 felur í sér að félagið ber áfram þessa sjálfsskuldarábyrgð þar til lánin hafa verið greidd upp, en falli ábyrgð á Norðurorku hf. mun Landsvirkjun taka þá ábyrgð yfir.

21. Óvissa

Þann 20. desember 2006 urðu flóð í Djúpadalsá vegna náttúruhamfara. Jarðvegsstífla við Djúpadalsvirkjun 2 brast og flóðvatn olli tjóni á báðum virkjunum Fallorku ehf., dótturfélags Norðurorku hf., auk tjóns á samgöngumannvirkjum og eignum þriðja aðila. Óljóst er með hvaða hætti tryggingafélög muni bæta tjónið, sem metið er á 127.957 þús. kr. og er tjón á stíflu þá ekki meðtalið. Tekið hefur verið tillit til áfallins tjónakostnaðar í reikningsskilum Fallorku ehf. og virkjanir félagsins eru komnar í fullan rekstur. Það er því ekki von á frekari kostnaði hjá félaginu vegna tjónsins.

16. janúar 2010 úrskurðaði Úrskurðarnefnd viðlagatrygginga að sú niðurstaða stjórnar Viðlagatryggingar að hafna bótaskyldu vegna tjóns í náttúruhamförum í Djúpadal í desember 2006, skyldi felld úr gildi. Ekki er þó kveðið á um greiðsluskyldu Viðlagatryggingar í úrskurðinum. Meginforsendur fyrir úrskurði Úrskurðarnefndarinnar voru að flóðið hefði stafað af náttúruhamförum, sbr. skýrslu Náttúrufræðistofnunar, að eignirnar hefðu verið viðlagatryggðar og að Fallorka ehf. hefði hvorki með ásetningi né stórfelldu gáleysi fyrirgert rétti sínum til bóta.

Með bréfi þann 4. febrúar 2010 tilkynnti stjórn Viðlagatryggingar að hún hafi „tekið þá ákvörðun að tjónbætur verði ekki greiddar að svo stöddu.“ Stjórn Fallorku ehf. hefur óskað eftir því að Úrskurðarnefndin taki málið upp að nýju og er niðurstöðu vænst innan tíðar.

22. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Auk þess að þiggja laun nýtur forstjóri félagsins bifreiðahlunninda og framlags í réttindatengdan lífeyrissjóð. Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 4.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2010
Sala á vöru og þjónustu:	
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	256.048
Aðrir hluthafar	8.965
Hlutdeildarfélag	10.624
	<u>275.637</u>
Kostnaður:	
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	52.911
Aðrir hluthafar	1.661
Hlutdeildarfélag	2.942
	<u>57.515</u>

Skýringar, frh.:

22. Tengdir aðilar, frh.:**Staða**

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2010	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	55.453	0
Aðrir hluthafar	2.531	(2.114)
Hlutdeildarfélag	1.028	0
	<u>59.012</u>	<u>(2.114)</u>

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð 1,7 millj. kr.

23. Kennitölur

Helstu kennitölur:

	2010	2009
EBITDA - afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.120.470	1.094.286
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	1,11	0,91
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	52,4%	37,1%
Innra virði - eigið fé / hlutfé	5,70	4,26

DAGUR

kemur 5t á hverjum
fimmtudegi Kostar
kr. 6.00 4tg. Gjaldd.
Arni Jóhannsson
Kaupfél. Eyfirðinga.
Gjaldd. fyrir 1. júl.

Dagur

AFGREIÐSLAN

er hjá Jóni Þ. Þór,
Norðurgötu 3. Tal-
sími 112. Uppsögn,
bundin við áramót, sé
komin til afgreiðslu-
manns fyrir 1. des.

XXII. árg.

Akureyri 9. nóvember 1939.

45. tbl.

Hitaveita Akureyrar.

Merkasta og mikil- vægasta framtíðar- mál bæjarins.

Eigi ætti það að teljast goðgá á þessum erfiðu tímum, sem sýnilega eru þó aðeins upphaf að enn erfiðari tímum, — þótt jafn merku máll og hitaveitu Akureyrar sé hreyft á ný. — Að visu hefir reynst erfitt — og allt að því ör-
vænt — að fá fólk hér um slóðir til að ræða opinberlega almenn áhuga- og hagsmunamál héraðs og alþjóðar. Virðist þannig vera um allt það, sem eigi ber keim af pólitísku þrengingum, þrasi og flokkrarig. Til þeirra skítverka virðast flestir fúsir. En nú er sápan dýr og hækkandi í verði eins og aðrar vörur, og væri því hyggilegra að snúa sér að hreinlegri verkum og nauðsynlegri. Nóg eru verkin, sem enn eru óunnin hér á landi. Og enda nógur ófriður í heimi og ófriðarhorfur, þótt vér Íslendingar hér norður í fásinninu höldum frið heima fyrir um hríð, meðan stórbjóðirnar berast á banaspjótum, og næstu nágrannabjóðir vorar eru í mikilli hættu staddar! —

Hitaveita Akureyrar er stærsta og merkasta hagsmunamál bæjarins nú, þegar Laxárvirkjuninni er lokið. Og engum blandast hugur um það, hvíllk eign þennum myndi hafa verið í hitaveitu á þessum tímum. Nú er þetta öllum ljóst mál og auðskilið. En það ætti það einnig að vera á friðartímum. Hitaveita Akureyrar er þennum ómetanlegt metfé á hvaða tíma sem er. Og ekki síst á friðartímum! —

Fyrir 2—3 árum síðan hafði eg tækifæri til að spjalla við fjölmennan hóp æskulýðs Akureyrarbæjar um „daginn og veginn“, þ. e. a. s. almenn áhugamál og hugðarmál æskunnar. Drap eg þá á m. a., að eitt af hlutverkum þessa glæsilega æskulýðs, er senn yrði lagt á herðar „heil og framtíð þessa lands“, ætti að vera að leiða jarðhitann ofan af Glerárdalnum — þessa stutta og óvenju greiðferu leið — niður í bæinn, hita hvert hús bæjarins og reisa gróðurkálala á hverju heimili. Ekki vantaði landrýmið, hvorki innanbæjar né í nágrenni hans. — Þá myndi Akureyri brátt verða glæsilegasta „garðhverfi“ landsins, því að óvíska mun forsjónin hafa lagt oss

blindum mönnum önnur eins skilyrði upp í fálmandi hendur og hér! — Eg man enn, hve augu æskunnar blikuðu við þessari hugsjón. Og það er von mín, að þessi kynslóð megi halda sjón sinni óskertri um langan aldur, og eldi áhuga síns vel logandi, svo að hún afkasti sjálf þeim afrekum, sem nú bíða hennar fyrir bæjar-
dyrum, en skilji þau eigi eftir handa börnum sínum og barnabörnum. — Ærið nóg verður samt verkefni þeirra og hlutverk í lífinu.

Viku eftir að eg hafði drepjið á þetta á fjölmennum fundi, hreyfði einhver maður ónefndur þessu sama í einu Akureyrarblaðanna. Og sá var ekkert smátækur. Hið eina tiltækilega taldi hann vera að taka heita vatnið innan frá Reykhúsum í Eyjafirði og leiða það inn til bæjarins. Engin rök færði hann þó að því, hvers vegna heppilegra væri að sækja vatnið um þrefalt lengri veg, en nauðsyn virtist benda til, knýja það áfram með dælum til safnþróar mikillar og dýrrar einhverstaðar hér á Brekkunni o. s. frv., í stað þess að láta það renna með miklum straumpunga skamma leið beint niður í hitalagningakerfi bæjarins, gegnum mun mjórri leiðslur og ódýrari.

Hitaveita Akureyrar til sundlaugar bæjarins talar sínu máli, svo að eigi ætti að virðast skynsamlegt að skjóta við því skollaeyrum að óreyndu. Virðist það óneitanlega vera all skýr vottur um mikinn jarðhita þar í nágrenni, að jafn heitt vatn, og raun er á, skuli koma þar seytlendi út á milli lausra jarðlaga í Glerárgilinu.

Ætti það að vera glæsilegt verkefni fyrir unga fræðimenn vora — t. d. einhvorn af doktorum Menntaskólans — að athuga eftir fönngum staðhætti þar efra — til undirbúnings undir frekari rannsóknir — stefnu jarðlaganna, þykkt þeirra og bergtegundir o. fl. Og einnig að greina efnasamsetningu heita vatnsins, þar eð talið er, að á þann hátt megi áætla all nákvæmlega, hvort upptöki heita vatnsins séu nærri eða lengra undan.

Nú mun von á nokkrum jarðborum hér á landi. Reykjavíkurbær mun eiga tvo bora, og að því er eg best veit, mun ríkisstjórnin

hafa umráð yfir litlum og hentugum jarðbor, sem notaður var fyrir skömmu við rannsóknirnar í Drápuhlíðarfjalli. Myndi sá bor sennilega hentugur til reynsluborunar hér nyrðra. Og er mjög líklegt, að ríkisstjórn væri ljúft að veita Akureyrarbæ stuðning, bæði beint og óbeint, til jafn mikilvægs verks og nauðsynlegs.

Hitaveita Akureyrar er nú það stórmál, sem bæjarbúar eiga að sameinast um! Reynist magn heita vatnsins nægilegt hér efra, eins og allar líkur benda til, mun framkvæmd verksins reynast svo auðveld, og sennilega svo ódýr, að í það mætti ráðast á næstunni. Aðstaða öll er hér svo góð með afbrigðum, og virkjunarskilyrði auðveld, að leitun mun á öðrum eins. Og fjáröflun til þess háttar fyrirtækja ætti eigi að reynast torveld. *Bystander.*

Íslenzk framleiðsla.

Tilraunir hafa verið gerðar til bókunar á brauði úr íslenzkum rúgi í brauðgerð K. E. A., og hefir hann reynzt fullkomlega jafngöður erlendum rúgi og virðist bragð brauðanna síst lakara.

Þá hafa einnig verið bökud rúgbrauð, sem að nokkru hafa verið blönduð byggi, eða hér um bil 1/3 bygg og 2/3 rúgmjöl, og hafa þau heppnast mjög vel.

Rúgurinn og byggjið, sem notað hefir verið í brauðin, eru af ökrum K. E. A. í Klauf.

Þá hefir sama brauðgerð einnig prófað að nota kartöflur til helminga á móti rúgi í brauð með þeim árangri, að seyddu brauðin mega jafnvel teljast betri með en án þeirra. Óseyddu rúgbrauðin mega einnig teljast mjög samileg, þótt ekki sé hægt að segja, að kartöflurnar bæti þau.

Er það hægt leið að tryggja íslenzkum kartöflum markað, ef lögleitt yrði að brauðgerðarhúsin notuðu kartöflur í vissum hlutföllum í rúgbrauð og ef til vill fleiri brauðtegundir. Gæti það og spar-
að erlendand gjaldeyri.

Laugaskóli og Laugalandsskóli munu í vetur báðir nota íslenzkt byggmjöl til brauðgerðar. Mun það slýta fyrir útbreiðslu íslenzka kornsins heimaræktaða og skilningi á þýðingu þess.

„Þorlákur þreytti“

verður leikinn í kvöld með lækk-
uðu verði þá og framvegis.

Næst verður leikið á laugardaginn kemur og sunnudag og þann dag verða 2 sýningar, sú fyrri kl. 4 e. h. og hin kl. 8½ og þá er það sem hinn vinsæli gestur Leikfélagsins, Haraldur Á. Sigurðsson, leikur Þorlák í 50. sinn. Er svo gert ráð fyrir að þetta verði í síðasta sinn sem leikurinn verður sýndur hér. Á þriðjudaginn fór leikflokkurinn til Húsavíkur og hafði þar tvær sýningar við hina ágætustu aðsókn.

KIRKJAN: Messað næstkomandi
sunnudag í Akureyrarkirkju kl. 2
eftir hádegi.

Sundfélagið Grettir. Þær stúlkur í Sundfélaginu Grettir, sem vilja taka þátt í fyrirhugaðri leikfimi félagsins í vetur, tilkynni þátttöku sína sem allra fyrst formanni félagsins eða Jónasi Einarsyni, bílabúð K. E. A.

Síðveidi hefir verið allmikil hér á Pollnum undanfarið. Hafa margir smábátar aflað ágætlega bæði í net og fyrirdrátt.

I. O. G. T. St. „Brynja“ nr. 99 heldur fund miðvikudaginn 15. þ. m. í Skjaldborg kl. 8.30 e. h. — Auk venjulegra fundarstarfa verður: 1. Innsetning embættismanna. — 2. Inntaka nýrra félaga. — 3. Skýrsla. — 4. Vinnunefnd kemur fram með nýjung til aukinna starfa fyrir málefnið. — Fjölmennið á „Brynjufund!“

Ungmennastúkan Akurlilja nr. 2 heldur afmælisfagnað í Skjaldborg næstkomandi sunnudagskvöld kl. 8½ e. h. Kaffidrykkja, ræðuhöld, söngur og dans. Aðgöngumiðar við innganginn.

Barnastúkan Sakleysið heldur fund n. k. sunnud. kl. 1½ e. h. Embættismannakosning.

Dansskemmtun heldur kvenfélagið „Íðunn“ í þinghúsi Hrafnaglishrepps næstk. laugardagskvöld og hefst hún kl. 9 e. h.



NORÐURORKA HF.
Rangánvöllum
603 Akureyri

Sími: 460 1300
Fax: 460 1301
No@no.is
www.no.is